# Fjölritun prófa

## 1 ALMENNT

Þessi vinnulýsing lýsir því ferli sem fara skal eftir þegar próf eru fjölrituð, gengið frá þeim og þeim komið til prófstjóra. Vinnulýsingin fellur undir verklagsreglu VR-0014 Framleiðsla prófa og tengist VL-0022 Prentun mætingarlista fyrir framleiðslu prófa og VL-0023 Móttaka á frumritum prófa.

## 2 FRAMKVÆMD

Skólaritari þarf að skila af sér fjölrituðum prófum til prófstjóra fyrir hádegi daginn fyrir prófdag þannig að mikilvægt er að kennarar skili prófum af sér innan setts tímaramma.

| **Inntak** | **Verkþáttur** | **Ábyrgð** | **Nánar** |
|---|---|---|---|
| Frumrit prófs | Taka til frumrit prófs | Skólaritari | Frumrit prófs viðkomandi áfanga fundið til úr læstri hirslu eða sótt í rafræna málakerfið |
| Mætingarlisti viðkomandi áfanga | Fjöldi nemenda | Skólaritari | Fjöldi nemenda hóps athugaður og hvort óskað er eftir lituðum pappír í athugasemdum |
| Óskir um litaðan pappír | | Skólaritari | Ef óskað er eftir lituðum pappír er fjöldi blaðsíðna viðkomandi lits fundinn til og sett í ljósritunarvélina |
| Fjölritun | Fjölritun sett af stað með viðkomandi fjölda og eitt auka eintak haft með í hverjum bunka | Skólaritari | Heftað í horn og báðu megin á blöðin er algengast en óskir um annað geta verið t.d. bók eða bara prentað öðru megin |
| Innpökkun og frágangur | Tilbúna bunkanum pakkað inn í bréf og upplýsingar skrifaðar utan á pakkann | Skólaritari | Notað hefur verið bréfið utan af ljósritunarpappírnum en haft á röngunni, og límt vel fyrir<br>Upplýsingar um áfanga, dag og tíma prófs og fjölda eintaka (tekið fram hversu mörg lituð) skrifaðar framan á pakkann |

# Fjölritun prófa

| | | | |
|---|---|---|---|
| Próftafla | Merkt við á viðkomandi próftöflu að fjölritun á prófi áfangans sé lokið | Skólaritari | |
| Geymsla | Pakkinn geymdur í læstum skáp þar til hann er afhentur til prófstjóra | Skólaritari | Frumrit prófs sem skilað er á pappír er einnig geymt í læstum skáp þar til prófum er lokið |

## 3 TILVÍSANIR

VR-0014 Framleiðsla prófa

VL-0022 Prentun mætingarlista fyrir framleiðslu prófa

VL-0023 Móttaka á frumritum prófa

## 4 BREYTINGAR